

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Borgarbyggð.

Ísgöng í Langjökli, nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 13. ágúst 2015 deiliskipulag fyrir ísgöng í Langjökli í Borgarbyggð.

Tillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð dags. 22. júní 2015. Í breytingunni felst að afmarkað hefur verið svæði á Langjökli fyrir göng og hella í jökulís, og lóðir fyrir skála á Geitlandi.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgarbraut 55-59, breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti 14. apríl 2016 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarbraut 55-59 í Borgarbyggð.

Tillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð dags. 1. desember 2015 með síðari breytingu dags. 14. apríl 2016. Í breytingunni felst m.a. breytt lóðafyrirkomulag, breyttir byggingarreitir og breyttir byggingarskilmálar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. sveitarstjórnar Borgarbyggðar, 20. apríl 2016,

Lulu Munk Andersen, skipulags- og byggingarfulltrúi.